



HRUNAMANNAHREPPUR

23. FUNDUR HREPPSNEFNDAR
KJÖRTÍMABILIÐ 2010 – 2014 2. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 2. FEBRÚAR 2012
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2012, þann 2. febrúar kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 1 mál, beiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks til ársins 2014. Hreppsnefnd samþykkir að leggja erindið fram.

Erindi til hreppsnefndar:

1. Fjallaskálar: Leigusamningur.
2. KPMG: Skýrsla til sveitarstjóra.
3. Rarik: Viðhaldsgjald fyrir götuhýsingu og breytt eignarhald.
4. Stjórn þroskahjalpar: Yfirfærsla málefna fatlaðra.
5. Skólahreysti: Styrkbeiðni.
6. Beiðni um ársleyfi frá störfum.
7. Hrossaræktarfélag Hrunamanna: 100 ára afmæli.
8. Sýslumaðurinn á Selfossi: Afskriftir opinberra gjalda.
9. Tillaga að gjaldskrá húsaleigu fyrir íbúðarhúsnæði sveitarfélagsins.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

10. Fræðslunefnd: Fundargerð 14. fundar vegna Flúðaskóla frá 30. janúar s.l.
-liggur frammi á fundinum-
11. Fræðslunefnd: Fundargerð 11. fundar vegna Undralands frá 30. janúar s.l.
-liggur frammi á fundinum-
12. Veitustjórn: Fundargerð 16. fundar frá 30. janúar s.l.
-liggur frammi á fundinum-

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnæssýslu og Flóahrepps:

13. 43. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 19. janúar s.l. og 75. afgreiðslufundur frá 4. janúar s.l.
14. Oddvitafundur Uppsveita. Fundargerð frá 23. janúar 2012.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 211. stjórnarfundar frá 17. janúar s.l.
- b. Sorpstöð Suðurlands: Aukaáðalfundur 17. janúar sl.
- c. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Fundargerð 305. stjórnarfundar frá 19. janúar s.l.
- d. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 136. stjórnarfundar frá 11. janúar s.l.
- e. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 138. stjórnarfundar frá 20. janúar s.l.

Kynningarmál:

- f. Rannsóknarstöð í jarðskjálftaverkfræði: Gagnasöfnun.
- g. Vegagerðin: Umsókn í fjallvegaskjöld.
- h. Límtré Virnet ehf.: Hlutafjáreign.
- i. Mennta og menningarmálaráðuneytið: Úttektir á leik- og grunnskólum vorið 2012.
- j. Skipulagsstofnun: Tillaga að deiliskipulagi fyrir gönguskála við Efri-Kisubotna.
- k. Samningur við Árborg vegna þjónustu fatlaða á sameiginlegu þjónustusvæði.

Fundir framundan:

- l. Upplit, menningarklassi uppsveita Árnæssýslu: Aðalfundur Upplits og málþing um menningarstarf þvert á hreppagirðingar 4. febrúar n.k.
- m. Innanríkisráðuneytið: Málþing um eflingu sveitarstjórnarstigsins 10. febrúar n.k.

Gengið til dagskrár:

Erindi til hreppsnefndar:

1. **Fjallaskálar: Leigusamningur.**
Oddviti kynnti drög að leigusamningi við Bjarna Val Guðmundsson og Jón Bjarnason um fjallaskála sveitarfélagsins. Hreppsnefnd samþykkir samningsdrögin og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
2. **KPMG: Skýrsla til sveitarstjóra.**
Oddviti kynnti skýrslu endurskoðenda sveitarfélagsins til sveitarstjóra um skoðun á innra eftirliti og fjárhagskerfi 2011.
3. **Rarik: Viðhaldsgjald fyrir götuhýsingu og breytt eignarhald.**
Oddviti lagði fram bréf frá Rarik þar sem boðuð er hækkun á viðhaldsgjaldi vegna götulýsingar og óskað viðræðna um að eignarhald á götulýsingarkerfi flytjist til veghaldara. Hreppsnefnd mótmælir hækkun á viðhaldsgjaldi og telur að slíkar hækkunar og aðrar hækkunar á gjaldskrá Rarik umfram verðlagsþróun séu úr öllum takti við samfélagið. Með þessum hækkunum sé opinber aðili beinlínis að leiða til hækkunar á verðlagi. Miðað við reynslu sveitarfélagsins af viðskiptum við Rarik eru gæði þjónustunnar ekki í samræmi við verð. Þá telur Hreppsnefnd ekki tilefni til yfirtöku á götulýsingarkerfinu, en er tilbúin til að ræða við Rarik um þjónustuhlutverk þess.
4. **Stjórn þroskahjalpar: Yfirfærsla málefna fatlaðra.**
Oddviti kynnti fyrirspurn frá stjórn þroskahjalpar á Suðurlandi vegna yfirfærslu málefna fatlaðra og lagði fram nokkrar spurningar fyrir sveitarstjórnir. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra og félagsmálastjóra Velferðarþjónustu Árnesþings að svara spurningunum.
5. **Skólahreysti: Styrkbeiðni.**
Oddviti lagði fram styrkbeiðni uppá kr. 50.000 frá skólahreysti. Hreppsnefnd samþykkir beiðnina.
6. **Beiðni um ársleyfi frá störfum.**
Oddviti kynnti beiðni frá Lilju Helgadóttur um ársleyfi frá störfum frá og með 1. júní nk. Hreppsnefnd samþykkir beiðnina og felur sveitarstjóra að auglýsa eftir starfsmanni í afleysingar.
7. **Hrossaræktarfélag Hrunamanna: 100 ára afmæli.**
Oddviti lagði fram bréf frá stjórn Hrossaræktarfélags Hrunamanna um að fá styrk frá sveitarfélaginu í formi niðurfellingar á húsaleigu félagsheimilisins vegna 100 ára afmælis félagsins en halda á málþing á Flúðum þann 11. febrúar n.k. Hreppsnefnd samþykkir að fella niður húsaleigu í Félagsheimili vegna afmælisins.
8. **Sýslumaðurinn á Selfossi: Afskriftir opinberra gjalda.**
Oddviti kynnti beiðni Sýslumannsins á Selfossi um að samþykkja verklagsreglur um afskriftir opinberra gjalda. Hreppsnefnd samþykkir að Sýslumanninum á Selfossi sé heimilt að nota verklagsreglurnar til afskrifta á opinberrum gjöldum Hrunamannahrepps sem koma til innheimtu hjá honum.
9. **Tillaga að gjaldskrá húsaleigu fyrir íbúðarhúsnæði sveitarfélagsins.**
Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir húsaleigu á íbúðarhúsnæði í eigu sveitarfélagsins. Hreppsnefnd samþykkir að unnin verði nánari útfærsla á gjaldskránni.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

10. **Fræðslunefnd: Fundargerð 14. fundar vegna Flúðaskóla frá 30. janúar s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 14. fundar fræðslunefndar vegna Flúðaskóla frá 30. janúar. Farið var yfir skýrslu skólustjóra, fjallað um forfallakennslu, skýrsla um sjálfsmat skólans lögð fram, farið yfir helstu atriði í skólanámsskrá og skólaskýrslu Sambands sveitarfélaga, farið yfir stöðu mála varðandi skólaping 2012, farið yfir stöðu mála varðandi úttekt á stjórnun og mönnun skóla Hrunamannahrepps og námsferð til Skotlands rædd. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

11. Fræðslunefnd: Fundargerð 11. fundar vegna Undralands frá 30. janúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 11. fundar fræðslunefndar vegna Undralands frá 30. janúar. Farið var yfir skýrslu leikskólustjóra, niðurstöður könnunar meðal leikskólustjóra kynntar, mótuneytismál rædd, farið yfir stöðu mála vegna skólaþings 2012, skólaskýrsla Sambands sveitarfélaga 2011 rædd og farið yfir stöðu mála varðandi úttekt á stjórnun og mönnun skóla Hrunamannahrepps. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

12. Veitustjórn: Fundargerð 16. fundar frá 30. janúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 16. fundar frá 30. janúar s.l. Farið var yfir vatnsnotkun ársins hjá veitunum, samþykkt beiðni frá Hitaveitu Grafarhverfis um framlengingu á fresti til að svara kaupþilboði, frágangur við holur Hitaveitunnar á Flúðum ræddar, samþykkt beiðni Lilju gjaldkera um ársleyfi frá störfum og fyrirkomulag rotþróartæmingar rædd. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

13.43. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 19. janúar s.l. og 75. afgreiðslufundur frá 4. janúar s.l.

Oddviti lagði fram fundargerð 43. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 19. jan. 2012 en þar var farið yfir 1 mál fyrir Hrunamannahrepp og 1 sameiginlegt. Farið var yfir mál nr. 1 samþykkt var að gefa út framkvæmdaleyfi, með fyrirvara um samþykkt landeigenda, til byggingar skúlptúrs við bakka Hvítár í landi Kópsvatns. Farið yfir mál nr. 5 fundargerð 75. afgreiðslufundar frá 4. janúar þar sem 3 mál voru tekin fyrir sem tengdust Hrunamannahreppi. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

14. Oddvitafundur Uppsveita. Fundargerð frá 23. janúar 2012.

Oddviti kynnti fundargerð oddvitafundar frá 23. janúar s.l. Farið var yfir verkefnalista ferðamálafulltrúa, stöðu og horfur. Þá var ákveðið var að halda fund 21. febrúar um ferðaþjónustu og atvinnumál með sveitarstjórnnum. Þá kynnti oddviti fyrirhugaða ferð oddvita, sveitarstjóra og ferðamálafulltrúa Uppsveita Árnessýslu til Cornwall í Englandi þann 12-15. mars nk. en til stendur að kynna sér fyrirkomulag ferðaþjónustu á svæðinu. Hreppsnefnd samþykkir að greiða ferða- og dvalarkostnað oddvita og sveitarstjóra vegna ferðarinnar.

Önnur mál:

15. Velferðarnefnd Alþingis: Beiðni um umsögn.

Oddviti kynnti beiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um beiðni um umsögn um þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks til ársins 2014. Hreppsnefnd vísar málinu til umsagnar Velferðarnefndar Árneshrepps.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 211. stjórnarfundar frá 17. janúar s.l. Lagt fram til kynningar.
- b. Sorpstöð Suðurlands: Aukaaðalfundur 17. janúar sl. Lagt fram til kynningar.
- c. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Fundargerð 305. stjórnarfundar frá 19. janúar s.l. Lagt fram til kynningar.
- d. Skólaskrifstofa Suðurlands: Fundargerð 136. stjórnarfundar frá 11. janúar s.l. Lagt fram til kynningar.
- e. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 138. stjórnarfundar frá 20. janúar s.l. Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- f. Rannsóknarstöð í jarðskjálftaverkfræði: Gagnasöfnun. Lagt fram til kynningar.
- g. Vegagerðin: Umsókn í fjallvegaskjól. Lagt fram til kynningar.
- h. Límtré Vírnet ehf.: Hlutafjáreign. Lagt fram til kynningar.
- i. Mennta og menningarmálaráðuneytið: Úttektir á leik- og grunnskólum vorið 2012. Lagt fram til kynningar.

- j. Skipulagsstofnun: Tillaga að deiliskipulagi fyrir gönguskála við Efri-Kisubotna. Lagt fram til kynningar.
- k. Samningur við Árborg vegna þjónustu fatlaða á sameiginlegu þjónustusvæði. Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- l. Upplit, menningarklasi uppsveita Árnessýslu: Aðalfundur Upplits og málþing um menningarstarf þvert á hreppagirðingar 4. febrúar n.k. Lagt fram til kynningar.
- m. Innanríkisráðuneytið: Málþing um eflingu sveitarstjórnarstigsins 10. febrúar n.k. Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:15.